

Tækniminjasafn Austurlands (endurrit úr fundagerðabók)

Aðalfundur 10. des. 2015 kl. 16:00 í stjórn Tækniminjasafns Austurlands

Mættir eru. Árni Elísson, Rúnar Gunnarsson, Pétur Kristjánsson, safnstjóri, Rannveig Þórhallsdóttir sem ritaði fundargerð og Páll Guðjónsson. Rúnar Loftur mætti kl. 17:00. Gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Afgreiðsla ársreikninga 2014:

Hagnaður ársins er 482.958 kr. Ársreikningur er varðveittur í gögnum safnsins. Umræður um ársreikninginn. Páll bendir á að hugsanlega sé hægt að leita betri tilboða við við bókhald og uppgjör og fá enn fremur fulla endurskoðun endurskoðanda til að gæta því að fylgt sé lögum og reglum. Ársreikningur 2014 er samþykktur með öllum atkvæðum og undirritaður af stjórn.

2. 2016 og fjallað um rekstrarstöðu 2015.

Pétur hefur ekki fengið greidd laun í fjóra mánuði. (sept., okt., nóv., des.) Allt í skilum nema laun Péturs. Staðan er sú að það vantar 2.8 m. í reksturinn 2015. Leiðir að lausnum. Stjórnin og framkvæmdarstjóri leggja til að leitað verði leiða til að fá styrki í gegnum Afl (v. stofnskrár), Rarik, Símann, Síldarvinnslu. Stjórn skiptir verkum. Pétur hefur samband við Síldarvinnsluna á morgun, Rarik og síminn bíða þar til eftir áramót. Fjárhagsáætlun 2016. Gert er ráð að 19,979,035 kr. í gjöld og 21.740.000 kr. í tekjur á grunnrekstraráætlun. Páll bendir á að gera þurfi ráð fyrir tapi ársins í rekstraráætlun 2016. Vegna vinnulauna 2015, sem færast yfir á 2016, hækka rekstrargjöld og rekstrartekjur um 3.000.000 kr.

3. Viðskiptaáætlun 2016:

Pétur kynnir áætlun um að ráða inn starfsfólk til að sinna opnun sjoppunnar í ferjuhúsinu til að sinna farþegum í skemmtiferðaskipum. Gert er ráð fyrir umtalsverðum tekjum, m.v. 41.000 farþega. Pétur leggur til að Seyðisfjarðarkaupstaður leggi til starfsfólk í sjoppuna og að það verði auglýst/frágengið í mars/apríl 2016. Stjórn samþykkir viðskiptaáætlun Péturs fyrir árið 2016.

5. Fasteignagjöld Tækniminjasafns.

Árni kynnir vinnu og bréfaskriftir sem hafa gengið á milli stjórnarformanns og framkvæmdastjóra annars vegar og bæjaryfirvalda hins vegar. Síðasta erindi vegna þessa máls var sent 26. október. Árni var kallaður á fund bæjarstjóra og þar var niðurstaðan sú að leysa málið en ekkert skriflegt svar hefur borist. Enn er verið að senda innheimtuseðla á Pétur, sem pósturinn kemur með og þarf að kvitta fyrir. Árni tekur að sér að fylgja eftir ítrekun á fyrri bréfaskriftum, afritum af greiðsluákorunum og kröfu um lyktir mála. Páll leggur til að formaður stjórnar safnsins riti bæjaryfirvöldum bréf og vísi í fyrri bréfaskriftir og greiðsluákorunum frá sýslumanni Austurlands, um að stjórnin verði að leita réttar safnsins sem er skipuð af bænum og Afli, um að uppfylla skyldur sem stjórnarmönnum ber að uppfylla. Stjórn samþykkir þessa tillögu.

6. Fjármögnun safnsins.

Var ræddur í lið 2. og 3

7. Umsóknir f. næsta ár.

Sótt um til húsafriðunarsjóðs, Skráning á húsatorfu, 1,1 milj. Sýning um tölvumál og netvæðingu, unnið að fjármögnun, rannsókn á ljósmyndavél Eyjólfssonar o.fl.. Einnig sótt um hjá Austurbrú og sótt um vegna framkvæmda á neðri hæð og í Smiðjuhátíðina. Hugmyndir um bátaverndarsjóð og í slippinn.

8. Önnur mál.

Rannveig leggur til að stjórn fundi 4 sinnum á ári og fundi næst í mars á næsta ári. Stjórn samþykkir þessa tillögu.

Fundi slitið kl. 19:05

Rannveig Þórhallsdóttir (Undirritað)

Árni Elísson (Undirritað)

Rúnar Gunnarsson (Undirritað)

Rúnar L. Sveinsson (Undirritað)

Páll Þ. Guðjónsson (Undirritað)

Pétur Kristjánsson (Undirritað)